

Sp. 10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um jarðhitarannsóknir og jarðhitaleit í Borgarfjarðarhéraði og athugun á hitaveitu fyrir Borgarnes.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason, Sigurður Ágústsson,
Jón Árnason, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að á vegum jarðhitasjóðs verði gerð rannsókn á jarðhitasvæðum Borgarfjarðarhéraðs og viðtæk jarðhitaleit gerð í héraðinu. Leitin verði m. a. við það miðuð að athuga möguleika á hitaveitu fyrir Borgarnes.

Greinargerð.

Á síðasta þingi fluttum við þingmenn Vesturlandskjördæmis tillögu þá til þingsályktunar, sem hér er nú endurflutt. Mjög var á starfstíma Alþingis liðið, er tillagan kom á s. l. vetri, og mun það sennilega hafa verið ástæðan til þess, að hún hlaut þá ekki afgreiðslu, þar sem hliðstæð mál hafa hlotið skilning hv. alþingis-
manna.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi tillögunni, er hún var flutt á s. l. vetri:

„Í Borgarfjarðarhéraði er mikill jarðhiti, svo sem kunnugt er. Notkun hans hefur farið vaxandi hin síðari ár. Nokkur hluti af skólum héraðsins er hitaður með jarðhita, og mikil gróðurhúsaframleiðsla á sér stað í héraðinu vegna jarðhitans. Mikill áhugi er fyrir því í Borgarfirði að auka notkun jarðhitans og fá vitneskju um það, hversu viðtæk jarðhitasvæðin í héraðinu eru.

Borgarnes er vaxandi kauptún, og áhugi er fyrir því þar að fá rannsakað, hvort jarðhiti er ekki svo nærri kauptúninu, að hagkvæmt reynist að hagnýta hann til hitaveitu fyrir Borgarnes. Nokkur ástæða er til að ætla, að svo sé, þar sem jarðhiti er vestur á Snæfellsnesi, að því er virðist í svipaðri línu og jarðhiti í Borgarfjarðarhéraði.

Möguleikar og þekking til skipulagðra jarðhitarannsókna og leitar eru nú mun meiri en fyrr og eðlilegt, að þetta verði eitt af fyrstu verkefnum jarðhitasjóðs.“